

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2018

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um frelsi á leigubifreiðamarkaði (mál nr. 201)**

Neytendasamtökin vísa til erindis frá Nefndasviði Alþingis, dags. 8. mars sl., þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna vegna ofangreinds máls. Samtökin fagna því að fá að senda athugasemdir sínar vegna málsins og eru sammála þeirri tillögu að samgöngu- og sveitastjórnarráðherra verði falið að afnema hámarksfjölda atvinnuleyfa til leigubifreiðaaksturs, fækka kvöðum fyrir veitingu þeirra og opna íslenskan leigubifreiðamarkað fyrir aukinni samkeppni.

Mikil fákeppni hefur einkennt leigubifreiðamarkað hér á landi undanfarinn áratug og jafnvel lengur. Þrátt fyrir aukinn ferðamannastraum og fjölgun íbúa hefur fjöldi atvinnuleyfa leigubílstjóra staðið í stað undanfarin tíu ár. Aukin samkeppni á þessum markaði er hagsmunamál fyrir bæði neytendur og samfélagið í heild sinni. Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú hafið frumkvæðisathugun á því hvort núverandi lagaumhverfi hér á landi sé til þess fallið að brjóta gegn ákvæðum EES-samningsins. Það væri því kjörið tækifæri að mati samtakanna að endurskoða málefni tengd frelsi á leigubifreiðamarkaði sem allra fyrst, en eins og þekkt er hefur ráðherra skipað starfshóp í þeim tilgangi.

Að lokum vilja Neytendasamtökin benda á að Samkeppniseftirlitið hefur lengi mælst til þess að lagaumgjörð leigubílaaksturs verði endurskoðuð og lagt til að samkeppni fái að ríkja á leigubifreiðamarkaði. Telja samtökin mikilvægt að farið sé eftir leiðbeiningum og ráðleggingum stjórnvalda þegar þau bregðast við aðstæðum eins og Samkeppniseftirlitið hefur gert í tilfelli markaðar leigubifreiðaaksturs.

Virðingarfyllt,  
f.h. Neytendasamtakanna

---

Hrannar Már Gunnarsson, lögfræðingur.